

- d. Umsækjandi skal ekki vera eigandi að húsnæði.
- e. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:
Tekjumörk eru kr. 7.176.000 fyrir einstakling en kr. 10.047.000 fyrir hjón og sambúðarfólk.
Þá reiknast kr. 1.794.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi.
Eignamörk eru kr. 7.745.000.
Fjárhæðir eru endurskoðaðar af fjölskylduráði árlega til samræmis við 2. gr. og 3. gr. reglugerðar nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998.
- f. Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum og reiknuð stig á 14 stiga kvarða. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera metinn með 8 stig eða fleiri.
- g. Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum vegna leigu á félagslegu húsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað verður aðeins samþykkt hafi umsækjandi gert full skil á skuldum eða um þær hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning.

Við mat á umsóknum þeirra sem áður hafa verið leigutakar hjá Hafnarfjarðarkaupstað, skal tekið tillit til hvort umsækjendur stóðu í skilum með húsaleigu og hvort umgengni var í samræmi við ákvæði leigusamnings.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt á biðlista og hvernig umsækjandi hafi verið metin skv. f-lið 1. mgr. 4. gr. reglna þessara.

5. gr.

Skilyrði umsóknar fyrir sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk.

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði þessarar greinar til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

- a. Umsækjandi skal vera orðinn 16 ára á umsóknardegi.
- b. Umsækjandi þarf að hafa staðfesta fötlunargreiningu.
- c. Umsækjandi þarf að hafa verið metinn samkvæmt heildstæðu mati sveitarfélagsins.
- d. Umsækjandi þarf að hafa verið metinn samkvæmt matinu *Support Intensity Scale (SIS)* í 5. fl. eða hærra.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt á biðlista og hvernig umsækjandi hafi verið metin. Ef umsækjandi er metinn í þörf fyrir sólarhringsþjónustu fer hann á biðlista eftir sértækt húsnæði í kjarna.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn um félagslegt leiguhúsnæði.

Með undirritun á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði veitir umsækjandi fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðarkaupstaðar heimild til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir, svo sem skattyfirvöld. Umsækjandi með tímabundið dvalarleyfi skal leggja fram afrit af dvalarleyfinu. Heimilt er að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur með samþykki umsækjanda.

Börnum leigutaka, sem búsett eru hjá honum og ná 18 ára aldri eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis, er heiðarlegt að vera áfram búsett hjá leigutaka eftir að 18 ára aldri er náð. Frá 20 ára aldri er þó litið til tekna og eigna afkomu þegar metið er hvort réttur til setu í leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað er enn fyrir hendi.

Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar inntöku 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á skilum á gögnum rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Þegar sótt er um almennt félagslegt leiguhúsnæði skal fylgja umsókn:

- a. Nýjasta skattframtal umsækjanda og allra á heimlinu sem náð hafa 20 ára aldri auk staðgreiðslufirlits fyrir sömu aðila vegna yfirstandandi árs.
- b. Afrit af tímabundnu dvalarleyfi í þeim tilvikum sem það á við.

c. Þegar við á skal umgengnisforeldri leggja fram staðfestan umgengnissamning frá sýslumanni, sbr. 5. mgr. 46. gr. barnalaga, nr. 76/2003, eða úrskurð sýslumanns um umgengni skv. 47. eða 47. gr. a. sömu laga, dóm eða dómsátt, sem sýnir fram á að umgengni sé að lágmarki í 60 daga á ári. Þegar svo háttar telst barnið til heimilismanns, sem þýðir að tekjumörk reiknast samkvæmt því og umsækjandi getur óskað eftir viðeigandi stærð íbúðar miðað við fjölda heimilismanna.

7. gr.

Fylgigögn með umsókn um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk.

Þegar sótt er um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk skal fylgja umsókn:

- Staðfest fötlunargreining. Með fötlunargreiningu er átt við staðfestingu frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins, viðurkenndri sjúkrastofnun eða teymi fagfólks sem hefur sérfræðiþekkingu á fötlun.
- Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu hjá Hafnarfjarðarkaupstað sem unnið er í samvinnu við umsækjanda.
- Gögn um matið *Support Intensity Scale (SIS)*.

Heimilt er að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlendur með samþykki umsækjanda.

III. KAFLI

Forgangsröðun og úthlutun.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna um almennt félagslegt húsnæði.

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara þegar um er að ræða félagslegt leiguhúsnæði, raumsóknir í forgangsröð með hliðsjón af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis ásamt niðurstöðu stigagj samkvæmt matsviðmiðum.

Við forgangsröðun skal hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

Tekjur umsækjanda.
Húsnæðisaðstæður.
Börn á heimili og/eða í umgengni.
Félagslegar aðstæður.

Við lok mats samkvæmt viðeigandi matsviðmiði eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Niðurstaða mat höfð til hliðsjónar við forgangsröðun til úthlutunar í húsnæði.

Við úthlutun er heimilt að líta fram hjá umsækjanda, sem alla jafna ætti rétt til úthlutunar, ef teymið í húsnæði ekki henta viðkomandi einstaklingi eða fjölskyldu. Þegar almennu félagslegu leiguhúsnæði er úthlutað úthlutunarteymi hafa stærð og gerð húsnæðis til hliðsjónar. Þarf í þeim tilvikum að líta til fjölskyldustærðar, líkam heilsufars umsækjanda eða fjölskyldumeðlima og annarra þátta sem máli kunna að skipta.

9. gr.

Forgangsröðun umsókna um sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk.

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 5. gr. reglna þessara þegar um er að ræða húsnæði fyrir fatlað fólk skal tekið af þjónustubörf umsækjanda við mat á því hvaða húsnæðisúrræði henti honum. Umsóknir raðast í forgangsröð hliðsjón af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis ásamt niðurstöðu stigagjafar samkvæmt matsviðmiðum.

Við forgangsröðun skal hafa eftirfarandi til viðmiðunar:

Hversu brýn þörf er fyrir þjónustu.
Félagslegar aðstæður.
Færni og styrkleikar umsækjanda.
Hvaða afleiðingar töf á veitingu þjónustu hefur fyrir umsækjanda.
Samfélagsþátttaka, valdefling og virkni umsækjanda.

Fái umsækjandi um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk umsókn samþykkt, en ljóst er að ekki er hægt útvega húsnæði innan þriggja mánaða, skal tilkynna umsækjanda um ástæður tafanna og hvenær fyrirhugað er húsnæðisúrræði verði tilbúið. Þegar umsækjanda er tilkynnt um að hann sé kominn á biðlista skal unnin áætlun útvegun viðeigandi húsnæðisúrræðis og hvort og þá hvers konar annað úrræði standi til boða á biðtíma.

Einstaklingur sem óskar eftir þjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar á grundvelli SIS-mats sem krefst viðta þjónustu þarf að hafa samráð við sveitarfélagið um búsetuform þannig að hægt sé að samræma þjónustupætti á ve sveitarfélagsins liggja það fyrir að viðkomandi einstaklingur muni óska eftir þjónustu sveitarfélagsins.

10. gr.

Almennt um úthlutun leiguhúsnæðis.

Úthlutunarteymi fjölskyldu- og barnamálasviðs úthlutar félagslegu leiguhúsnæði og húsnæði fyrir fatlað fólk undangengnu mati á sérstökum fundum úthlutunarteymis.

Úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis og á húsnæði fyrir fatlað fólk byggir á gögnum sem liggja fyrir úthlutunardegi. Uppfæra ber öll gögn miðað við stöðu umsækjanda á þeim tíma. Einnig ber eftir atvikun framkvæma endurmat samkvæmt matsviðmiðum. Skal umsækjanda tilkynnt skriflega um ef endurmat leiði breytinga á stigagjöf. Fjölskyldu- og barnamálasvið leggur faglegt mat á þær umsóknir sem metnar hafa samkvæmt matsviðmiðum með reglum þessum. Uppfylli umsækjandi ekki lengur þau skilyrði sem eftir atvikum k fram í 4. gr. og 5. gr. reglna þessara, á meðan beðið er úthlutunar í félagslegt leiguhúsnæði eða sértækt húsnæði fatlað fólk, er heimilt að afturkalla ákvörðun um samþykki á biðlista, sbr. 4. og 5. gr. reglna þessara.

Við úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi er gerð krafa um að mánuðir séu eftir af gildistíma dvalarleyfisins.

Heimilt er að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um úthlutun sé skilyrðum reglna þessara ekki lengur fullnægt. S gildir ef eigi er farið að ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 eða ákvæðum leigusamnings um viðkom leiguhúsnæði.

11. gr.

Tilkynning um úthlutun og höfnun húsnæðis.

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega þegar úthlutun til hans hefur farið fram. Umsækjanda er veittur tveggja (frestur til að svara hvort hann þiggi úthlutun húsnæðisins. Ef svar berst ekki innan framangreinds frests er litið s að umsækjandi þiggi ekki húsnæðið.

Hafi viðkomandi tvívegis hafnað úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis án þess að málefnalegar ástæður liggja að er heimilt að senda viðkomandi bréf þess efnis að litið sé svo á að umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka o hún því úr gildi fallin.

Sé umsókn tekin af biðlista vegna höfnunar á úthlutuðu húsnæði er umsækjanda heimilt að áfrýja þeirri ákvör til fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því að ákvörðunin varð umsækjanda kunnug, sbr. 23. gr. reglna þessara.

IV. KAFLI

Leigusamningur, ákvörðun húsaleigu og milliflutningur.

12. gr.

Leigusamningar, ákvörðun húsaleigu og umsjón fasteigna.

Fjölskyldu- og barnamálasvið annast frágang leigusamninga og um þá gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1 Um réttarsamband leigutaka og Hafnarfjarðarkaupstaðar gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 og ákv stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Leigusamningar á almennu félagslegu húsnæði eru ótímabundnir.

Að jafnaði eru gerðir ótímabundnir leigusamningar vegna húsnæðis fyrir fatlað fólk.

Upphæð húsaleigu fylgir breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Ákvörðun um breytingu umtækkun, skal samþykkt á fundi fjölskylduráðs sem skal vísa málinu til bæjarráðs. Bæjarstjórn samþykkir breyting gjaldskrá.

Leigutaki í sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk skal gera sérstakan samning um þjónustuna og þann stuðning veittur er í hverju tilfalli. Jafnframt skal koma fram í samningnum hvaða skyldur hvíli á leigutaka. Slíkir samningar eru hluti af húsaleigusamningi enda úthlutun húsnæðisúrræðis fyrir fatlað fólk háð því að viðkomandi hafi þörf þjónustu/stuðning. Uppsögn á slíkum samningi samsvarar uppsögn á húsaleigusamningi.

Leigutaki verður að fullnægja skilyrðum 4. og 5. gr. reglna þessara allt það tímabil sem leigusamningur gildir skal hann eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutíma. Tekju- og eignamörk skv. e-lið 1. mgr. 4. gr. eiga að upphafi leigu og við endurmat.

13. gr.

Milliflutningur.

Óski leigutaki eftir flutningi úr núverandi félagslegu leiguhúsnæði í annað félagslegt leiguhúsnæði, skal leigutaki senda inn rafræna umsókn á heimasíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Heimilt er að óska eftir milliflutningi þegar 18 mánuðir eru liðnir frá síðustu úthlutun. Hægt er að sækja undanþágu frá framangreindu skilyrði, séu veigamiklar ástæður fyrir flutningi, s.s. alvarlegt heilsuleysi eða n vandkvæði bundin við núverandi búsetu. Umsóknir um undanþágur samkvæmt ákvæði þessu skulu afgreiddar fjölskyldu- og barnamálasviði.

Á umsókn um flutning milli íbúða þurfa að koma fram upplýsingar um hvers vegna óskað er eftir flutningi. Heimilt er að samþykkja umsókn um flutning ef um ríkar ástæður er að ræða, s.s. alvarlegt heilsuleysi, bi fjölskyldustærð eða vegna þess að mikil vandkvæði eru bundin við núverandi búsetu. Jafnframt er skilyrði þess umsókn um flutning verði samþykkt að umsækjandi fullnægi skilyrðum 5. gr. reglna þessara og hafi staðið í skil með húsaleigu og hússjóð vegna íbúðarinnar.

Húsnæðisskrifstofa annast viðhald fasteigna og skilyrði þess að lagt sé til að umsækjandi fái flutning í aðra íbúð er að aðili frá húsnæðisskrifstofu hafi gert úttekt og ástandsmat á íbúðinni.

V. KAFLI

Ábyrgð leigutaka, breyttar aðstæður, endurnýjun umsókna og ráðgjöf.

14. gr.

Breyttar aðstæður.

Umsækjandi skal vera í tengslum við fjölskyldu- og barnamálasvið á meðan beðið er úthlutunar á húsnæði gæra grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim.

Fjölskyldu- og barnamálasvið veitir ráðgjöf ef þurfa þykir á meðan á biðtíma stendur.

Leigutaki skal upplýsa fjölskyldu- og barnamálasvið verði breytingar á félagslegum eða fjárhagslegum aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglna þessara, eftir atvikum 4. gr. og 5. gr. reglnanna, sé fullnægt. Kanna skal reglulega hvort aðstæður leigutaka hafi breyst samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá.

Dveljist leigutaki lengur en sex mánuði á hjúkrunarheimili, eða sambærilegri stofnun, ber honum að sanna leiguíbúð sinni.

15. gr.

Endurnýjun og endurmat umsókna.

Ef viðhalda á gildi umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði eða milliflutning skal umsækjandi endurnýja umsókn sína árlega. Endurnýjun skal vera skrifleg. Sé umsókn ekki endurnýjuð fellur hún úr gildi. Við endurnýjun umsókna getur farið fram endurmat á hvort skilyrðum eftir atvikum 4. gr. eða 5. gr. reglna þessara sé fullnægt. Endurmat umsókna getur falið í sér breytingar á stigagjöf sem geta haft áhrif á forgangsörðun umsókna. Þá getur endurmat til afturköllunar ákvörðunar um að umsókn sé samþykkt á biðlista. Skal umsækjanda tilkynnt skriflega ef endurnýjun leiðir til breytinga á stigagjöf.

VI. KAFLI

Málsmeðferð, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

16. gr.

Könnun á aðstæðum.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um félagslegt leiguhúsnaði hefur bor

Fjölskyldu- og barnamálasvið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjan upplýst áður en ákvörðun er tekin.

17. gr.

Endurskoðun.

Rétt til félagslegs leiguhúsnaðis má endurskoða hvenær sem er. Á tólf mánaða fresti er leigutaka skylt að le fram gögn um tekjur og eignir og aðrar upplýsingar til að hægt sé að framkvæma mat á félagslegum aðstæ samkvæmt reglum þessum. Meta skal hvort leigutaki félagslegs leiguhúsnaðis fullnægi skilyrðum reglna þessar hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annars heimilisfólks, sbr. 14. gr. reglna þessara, áhrif á rétt hans.

18. gr.

Sérstakar aðstæður.

Sé niðurstaða endurmats skv. 17. gr. að leigjandi uppfylli ekki lengur viðmið um tekju- og eignamörk félagslegar aðstæður er leigusamningi sagt upp með þeim uppsagnarfresti sem við á hverju sinni og skv. XI. k húsaleigulaga. Við endurmat skal fara fram heildstætt mat á aðstæðum leigutaka og er fjölskyldu- og barnamálas heimilt í undantekningartilvikum að veita undanþágu frá settum skilyrðum um tekju- og eignamörk s.s. þegar leigu hefur orðið fyrir meiri háttar röskun á stöðu og högum vegna atvinnuleysis, veikinda, fráfalls maka eða af öð ástæðum.

Í sérstökum rökstuddum tilvikum getur fjölskyldu- og barnamálasvið ákveðið að leigusamningur v framlengdur tímabundið vegna sérstakra eða tímabundinna aðstæðna.

19. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöð afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um úthlutun félagslegs leiguhúsnaðis er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsing hálfu umsækjanda veldur það ógildi umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

20. gr.

Samvinna við umsækjanda.

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans, lögráðamann eða persónulegan talsn hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar afgreiðslu umsókna um húsnaði fyrir fatlað fólk, sbr gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Umsækjandi um húsnaði fyrir f fólk skal upplýstur um stöðu á biðlista, áætlaða lengd biðtíma og þau úrræði sem standa honum til boða á biðtímar sbr. reglugerð nr. 370/2016 um húsnaðisúrræði fyrir fatlað fólk.

Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

21. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opið skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Hafi starfsmenn og fulltrúar í fjölskylduráði kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þó óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvort gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

22. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Starfsfólk fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum umboði fjölskylduráðs.

23. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá svar þar sem varð er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings til synjunar.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð fjalli um umsóknina en slík beiðni berast fjölskylduráði innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

24. gr.

Heimild fjölskylduráðs til að veita undanþágu frá reglum þessum.

Fjölskylduráð hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liða fyrir og umsækjandi fer fram á það með skriflegri beiðni innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun.

Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.

25. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriðja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fjölskylduráðs.

26. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði 18. mars 2025 og bæjarstjórn 26. mars 2025 og öðlast gildi 1. 2025. Jafnframt falla þá úr gildi óbirtar reglur um úthlutun á almennu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarkaupstað samþykktar voru í bæjarstjórn 3. maí 2005, með síðari breytingum.

Hafnarfirði, 1. apríl 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

B deild - Útgáfudagur: 16. apríl 2025